

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að óheimilt verði að leggja ökutækjum við norðurkant Seljavegar milli Nýlendugötu og Vesturgötu.
2. Að á Vesturgötu verði tvístefna milli Ánanausta og innkeyrslna við Vesturgötu 64 og 69.
3. Að tvö bílastæði á Sólvallagötu við Vesturbæjarskóla verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
4. Að leyfilegur hámarkshraði á Laugarásvegi verði 30 km/klst.
5. Að eftirfarandi sérákvæði gildi fyrir umferð innan lóðar við Úlfarsbraut 126:
  - a. Að einstefna verði til austurs á akbraut á austurhluta lóðarinnar, norðan hússins.
  - b. Að fimm bílastæði norðan hússins verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
  - c. Að tvö bílastæði norðan hússins verði merkt sem stæði fyrir hóp bifreiðar.
  - d. Að á svæði við miðja lóðina, norðan hússins og sunnan við Gerðarbrunn 16–26, verði að hámarki heimilt að leggja ökutækjum í 10 mínútur í senn í almenn bílastæði.

Ofangreint sé merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

*Skrifstofu stjórnssýslu og gæða á umhverfis- og skipulagssviði, 12. apríl 2022.*

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir** skrifstofustjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2022